

Berist til:

FRÉTTABRÉF

25. árg. 2. tbl.

APRÍL 2010

Efni fréttabréfsins:

- Formannspistill
- Fundargerð aðalfundar FÍN
- Kjararáðstefna og kjarakönnun FÍN
- Orlofshús í boði og umsóknareyðublað um orlofshús
- Siðanefnd og siðareglur, Ólafur R. Dýrmundsson
- Atvinnulausir félagsmenn
- Yfirvinna á ferðalögum
- Orlofsuppbót



Gleðilega páska



Á næstunni:

- 13. apríl - Skiladagur umsókna um orlofshús
- 16. apríl - Skráningu á kjararáðstefnu FÍN lýkur
- 16. apríl - Skila inn svörum vegna könnunar FÍN
- 29. apríl - Kjararáðstefna FÍN kl: 13:00—17:00
- 1. maí - Lækkun á félagsgjöldum til FÍN



Fréttabréf FJN

Skrifstofa FJN er í
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og
13:00-16:00

Sími: 568-9616
Fax: 568-9619
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Páll Halldórsson,
formaður

Marianna H. Helgadóttir,
framkvæmdastjóri

Rósa M. Sigtryggisdóttir,
skjala- og upplýsingafulltrúi

Útgefandi:
FJN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:
1340 eintök

Prentun:
Umslag



Formannspistill

Kjararáðstefna félagsins verður haldin í lok apríl eins og annarstaðar er kynnt í fréttabréfinu. Viðfangsefni ráðstefnunnar verður að móta stefnu félagsins í komandi samningum.

Aðstæður eru snúnar, kaupmáttarhrap og atvinnuþref en viðfangsefnið er að finna þá leið í kjaraviðræðum sem kemur félagsmönnum best, bæði til lengri og skemmri tíma.

Kjararáðstefnan verður opin öllum félagsmönnum og mikilvægt að sem flestir sjái sér fært að taka þátt í henni.

Á síðasta ári var niðurstaða okkar að rétt væri að eiga aðild að stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar.



Megin markmið þess sáttmála voru m.a:

- Að stuðla að endurreisn efnahagslífsins, þannig að í lok árs 2010 verði:
 - Verðbólga ekki yfir 2,5%.
 - Halli hins opinbera verði ekki meiri en 10,5% af vergri landsframleiðslu.
 - Dregið hafi úr gengissveiflum, gengið styrkst og hafi nálgast jafnvægisgengi.
 - Vaxtamunur við evrusvæðið verði innan við 4%.
- Þannig hafi skapast skilyrði fyrir nýrri sókn í atvinnumálum og grunnur lagður að bættum lífskjörum til framtíðar.
- Styrkja stöðu heimilanna.
- Verja undirstöður velferðarkerfisins og standa vörð um menntakerfið.
- Verja störf jafnt á almennum vinnumarkaði sem og hjá hinu opinbera eins og aðstæður frekast leyfa.
- Samhliða gerð þessa sáttmála hafa aðilar vinnumarkaðarins sameinast um að eyða óvissu á vinnumarkaði með því að ljúka gerð kjarasamninga sem gilda til nóvemberloka árið 2010, þar sem áhersla er lögð á að styrkja stöðu þeirra tekjulægstu.



Ennfremur segir í sáttmálanum

Forsendur stéttarféлага á opinberum vinnumarkaði fyrir gerð kjarasamninga eru að ekki veri gripið til lagasetningar eða annarra stjórnvaldsaðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á. Þetta hindrar þó ekki að sett verði lög sem kalla á breytingar á kjarasamningum enda sé um slíkt samið milli aðila kjarasamnings í framhaldinu.

Þegar litið er til þeirra punkta sem taldir eru hér að framan er það ljóst að mikið vantar uppá að þau markmið sem sett voru með sáttmálanum hafi náðst og af þeirri ástæðu mikilvægt að skoða aðild okkar að honum. Lögin sem sett voru á verkfall flugvirkja eru hinsvegar alvarleg aðför að samningsrétti í landinu og gera sáttmálan nánast að merkingarlausu plaggi.

Sú spurning sem við verðum að svara í vor er hvort við viljum taka þátt í annarri tilraun í ætt við stöðugleikasáttmálann, þó sú fyrsta hafi tekist illa, eða leita annarra leiða.

Jafnframt verðum við að taka afstöðu til þess hversu langt er mögulegt að ganga í tilraunum til að verja störf á kostnað launa. Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi bendir allt til þess að kaupmáttur launa verði fallinn um fjórðung í haust frá því sem hann var þegar við gerðum samning síðast í júní 2008. Á sama tímabili fellur kaupmáttur ráðstöfunartekna um þriðjung.

Einnig verðum við að móta stefnuna um framgöngu félagsins. Eigum við að sækja ein fram eða í samfloti með öðrum, innan BHM eða jafnvel í stærra bandalagi?



Til að fá sem besta myndi af afstöðu og aðstæðum félagsmanna er jafnframt gerð kjara- og viðhorfskönnun meðal þeirra.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður hennar verði kynntar á kjararáðstefnunni. Í könnuninni er spurt um afstöðu til hvaða leiðir á að velja og hvaða kröfur eigi að leggja áherslu á og hvernig félagið eigi að starfa með öðrum samtökum. Jafnframt er spurt um tekjur og skuldastöðu. Á það hefur verið bent að í umfjöllun um kjör félagsmanna hefur aðallega verið skoðaður kaupmáttur kauptaxta. Þetta segir ekki nema hluta sögunnar þar sem önnur atriði eins og skuldabyrði geta haft úrslitaáhrif á afkomuna. Góðar upplýsingar um skuldastöðu geta því skipt miklu þegar við forgangsröðum kröfum. Gildi kannana af þessu tagi ræðst af þátttökunni. Til þess að könnunin veiti marktæka leiðbeiningu verða sem flestir að taka þátt.

Ég skora því á alla félagsmenn, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði, að gefa sér þann tíma sem þarf til að svara könnuninni.

Páll Halldórsson



Aðalfundur FÍN

3. febrúar 2010

Formaðurinn setti fund. Fundarstjóri var Þórólfur Antonsson og fundarritari var Heiðrún Guðmundsdóttir.

1. Skýrsla stjórnar

Páll Halldórsson formaður fór yfir starfsárið. Haldnir voru 14 stjórnarfundir á starfsárinu. Formaður þakkaði stjórninni góð störf, þó sérstaklega Barða Þorkelssyni, sem gefur ekki kost á sér fyrir næsta tímabil.

Allir kjarasamningar félagsins eru lausir. Frá síðasta aðalfundi hefur verið gengið frá einum kjarasamningi, við búnaðarsamböndin.

Viðræður hafa verið í þrem farvegum:

- Viðræður BHM félaga við ríki.
- Viðræður heildarsamtaka opinberra starfsmanna við ríkið.
- Þríhliða viðræður aðila vinnumarkaðarins og ríkisins, sem leiddu til stöðugleikasáttmálans.

Samningsmarkmið FÍN á síðast ári var að meginmarkmiðið að verja störf og kjör. Af því leiddi að áhersla var ekki á kauphækkanir. Í samræmi við það bauð félagið viðsemjendum núllsamning. Jafnframt lagði félagið áherslu á að verja þau starfskjör sem félagsmenn hafa búið við og sporna við því að þeir væru látnir sæta afar kjörum í skjóli kreppunnar.

Stöðugleikasáttmálinn var gerður við mjög erfiðar aðstæður í efnahags- og atvinnumálum sem bitna hart á heimilum og atvinnulífinu í landinu. Við þessar kringumstæður hafa aðilar þessa sáttmála sameinast um aðgerðir til að vinna þjóðina út úr vandanum. Forsenda sáttmálans er að ekki verði sett lög á kjarasamninga.

Málefni lífeyrissjóða hafa komið til umræðu við samningsborðið og búast má við að lífeyrismál opinberra starfsmanna verði áfram í umræðunni. Miklar skuldbindingar ríkisins geta orðið birgðar í framtíðinni. Sú aðferð var notuð að greiða lág laun en lofa góðum lífeyri og það þarf að hafa í huga við þessa samninga.



Kaupmáttur hefur farið minnkandi síðastliðin tvö ár.

Náttúrufræðingum á vinnumarkaði hefur fækkað frá árinu 2008. Almennt atvinnuleysi í landinu er nú 8,6% og spáð er 10,6% atvinnuleysi á árinu 2010. Alls eru 24 félagsmenn FÍN atvinnulausir. Hingað til hefur atvinnuleysi meðal félagsmanna verið tímabundið, en ekki langtímaatvinnuleysi. FÍN ákvað að bregðast við þessum vanda og endurgreiddi atvinnulausum félagsgjöld vegna ársins 2009, jafnframt hefur verið ákveðið að greiða styrki vegna námskeiða/úrræða allt að 70 þúsund krónum á 6 mánaða fresti. Félagið hefur einsett sér að tryggja aðild langtímaatvinnulausra að sjóðum BHM. Einnig að bæta þjónustu félagsins við atvinnulausa.

Á síðasta starfsári var gerður stofnanasamningur við Veðurstofuna. Þar var um að ræða nýja stofnun vegna sameiningar Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga (Orkustofnun).



Uppsagnir voru hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, en alls var sagt upp 11 manns og þar af voru 5 félagsmenn FÍN sem misstu vinnuna.

Almennt hefur verið samdráttur í tekjum félagsmanna, starfshlutfall hefur verið lækkað, fastri yfirvinnu og aksturssamningum hefur verið sagt upp og vaktakerfum hefur verið breytt og almennur samdráttur er á yfirvinnu.

Ytra starf félagsins hefur aðallega snúið að þátttöku í starfi Bandalags háskólamanna, umræðum um málefni stundakennara, um náttúrufræðingatal og aðkomu félagsins að fræðimannaíbúð að Hrauni í Öxnadal.

Í innra starfi félagsins hefur félagið haldið vinnu- og samráðsfundi með trúnaðarmönnum, endurskoðun á verkfallslistum, umræða um siðareglur náttúrufræðinga (Siðanefnd) og vinnustaðaheimsóknir formanns.

Félagsmenn eru nú alls 1974, virkir félagsmenn eru nú í ársbyrjun 2010 alls 1261 en voru í ársbyrjun 2009 alls 1267. Félagsmönnum fækkar lítillega og þarf að hugað að þeirri þróun. Formaður telur þetta tímabundið ástand.

2. Skýrsla orlofshúsanefndar.

Finnur Ingimarsson gerði grein fyrir skýrslu orlofshúsanefndar. Félagið á húsið við Fullsæl, leigir Skógarkot af Skógræktinni og er með skiptileigu á Flókalundi, auk þess eru leigðar 3-4 vikur í Blöndalsbúð á Héraði.

Góð nýting er á húsum félagsins, eða um 80-95%. Rekstur orlofshúsanna nemur 1,53 % af heildarútgjöldum félagsins árið 2009. Fyrirsjáanlegt er að viðhald á orlofshúsum FÍN árið 2010 verði meira en árið 2009. Í Skógarkoti þarf að endurnýja heitan pott, pall og frárennsli frá pottinum. Einnig þarf að endurnýja rotþró í Fullsæl. Umræður voru um leigutekjur félagsins af orlofshúsunum.

3. Reikningar félagsins og kjaradeilusjóðs.

Ólafur Eggertsson, gjaldkeri, kynnti ársreikning félagsjóðs og kjaradeilusjóðs. Ársreikningar eru aðgengilegir á heimasíðu félagsins. Reikningar félagsjóðs og kjaradeilusjóðs voru samþykktir samhljóða.

4. Lagabreytingar.

Barði Þorkelsson kynnti tillögu stjórnar um breytingu á 4. grein í lögum félagsins. Setningin mun hljóða svo;

„Stjórnin skipar menntanefnd sér til ráðuneytis við mat á umsóknum og setur nefndinni matsreglur sem lagðar eru fyrir aðalfund til samþykktar. Geti vafi leikið á því að umsækjandi fullnægi



skilyrðum skv. 3. gr. skal umsóknin lögð fyrir menntanefnd til umsagnar.“

Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

Barði nefndi að stjórnin hafi beðið laganefndina að skoða 5. grein laga félagsins og verður það gert fyrir næsta aðalfund.

5. Ákvörðun um félagsgjald.

Formaður kynnti tillögu stjórnar um lækkun á félagsgjaldi frá og með 1. maí 2010 fyrir félagsmenn:

- Úr 1,4% í 1,2% af dagvinnulaunum fyrir félagsmenn á opinbera markaðinum.
- Úr föstu gjaldi, kr. 2.000 kr á mánuði á almenna markaðinum í 0,7% af heildarlaunum þó að hámarki 7.000 kr. á mánuði.

Með þessari breytingu verður ekki lengur greitt í samningssjóð og 0,1% minna greitt í félagssjóð. Gert er ráð fyrir að félagsgjald til BHM sé 0,2% en það hefur verið 0,2%—0,15% og er í dag 0,17%. Mismunurinn hefur verið lagður í sérstakan sjóð, svokallaðan BHM-R sjóð, eða 0,03% og hefur þessi sjóður verið notaður til að styðja við atvinnulausa.

Samþykkt samhljóða.

6. Kosning í stjórn og nefndir.

Varaformaður, Ína Björg Hjálmarsdóttir, kynnti þá sem gefa kost á sér í stjórn. Engin framboð komu á fundinum og eftirfarandi aðilar voru samþykktir samhljóða:

Stjórn:

Formaður: Páll Halldórsson

Formaður ráðgjafarnefndar: Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Meðstjórnendur:

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Sigurður Garðar Kristinsson, ÍSOR

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg

Guðmundur Víðir Helgason, Líffræðistofnun HÍ

Rannveig Guicharnaud, Landbúnaðarháskóla Íslands

Agnes Eydal, Hafrannsóknarstofnuninni

Kristín Hermansdóttir, Veðurstofu Íslands

Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofnun Kópavogs

Stjórn Kjaradeilusjóðs: Guðmundur Guðjónsson., Náttúrufræðistofnun Íslands, formaður

Skoðunarmenn reikninga:

Aðalmaður: Einar Torfason, Landspítala - Veirudeild

Varamaður: Björn Harðarson, Landspítala - Blóðbanka



Siðanefnd, aðalmenn:

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Reykjavíkurborg

Ólafur R. Dýrmundsson, Bændasamtökum Íslands, *formaður*

Steinunn Jakobsdóttir, Veðurstofu Íslands

**Orlofshúsanefnd:**

Sigurbjörg Gísladóttir, Umhverfisstofnun/Norrænu ráðherranefndinni

Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, Matvælastofnun

7. Inntaka nýrra félagsmanna.

Ritari, Heiðrún Guðmundsdóttir kynnti. Alls hafa 76 nýir félagsmenn gengið í félagið og einn með auka aðild.

Samþykkt með lófataki.

8. Önnur mál.

- A) Rætt var um samstarf við önnur bandalög, s.s. BSRB og ASÍ vegna kjaramála. Spurning hvert það samstarf leiðir.
- B) Formaður kynnti tillögu um aðgengi atvinnulausra að sjóðakerfi BHM. Mikilvægt er að viðhalda þessu öryggisneti þó félagsmenn missi vinnuna. Stjórnir sjóða BHM myndu útfæra reglurnar.
Samþykkt samhljóða.
- C) Rætt var almennt um kaupmáttarrýrnun hjá launþegum og minnt á að skuldastaða skiptir ekki síður máli. Fyrir marga er síðasta ár að skila fólki minni tekjum til að standa undir vöxtum og afborgunum. Þetta kerfi heldur ekki til lengdar. Fyrirspyrjandi beinir því til stjórnar að hún taki tillit til þess við gerð kjarasamninga að ekki séu samið um launataxta sem standa ekki undir skatta- og afborgunarbyrði. Frekari umræða var um skuldastöðu heimilanna og ef ekki fer að birta til gætum við staðið frammi fyrir eignaupptöku á eignum fólks. Sagt var frá kjarakönnun félagsins sem er í vinnslu og þar mun líklega verða gerð athugun á skuldastöðunni í leiðinni.
- D) Bent er á að kosningar eru til borgarstjórnar í vor og FÍN hvatt til að nýta sér það til að ná samningum við Orkuveitur Reykjavíkur.
- E) Bent var á að æskilegt væri að sjóðir BHM sem greiða líkamsræktarstyrki gætu komið á móts við sjóðfélaga og greitt beint til líkamsræktarstöðva.

Fundarstjóri sleit fundi.

Stjórnskipaðar nefndir

Stjórn félagsins hefur skipað í stjórnir og nefndir sem starfa á starfsárinu. Hægt er að sjá lista yfir þær á heimasíðu félagsins á : www.fin.is—Um FÍN - Stjórn og nefndir.





Orlofskús sumarið 2010

Skógarkot í Borgarfirði

Skógarkot er mjög rúmgott timburhús í Norðtunguskógi u.þ.b. 2 km ofan við bæinn Norðtungu í Pverárhlíð í Borgarfirði. Skógarkot stendur eitt og sér í þéttvöxnum skógi og hefur dvöl þar notið mikilla vinsælda meðal félagsmanna. Húsið er það stórt að það rúmar vel 2 - 3 fjölskyldur.

Í húsinu er svefnpláss fyrir 12 manns sem skiptist í 2 svefnherbergi á jarðhæð með tvíbreiðu rúmi annarsvegar og 120 cm breiðu rúmi hinsvegar. Á efri hæð eru tvö svefnloft auk herbergis með samtals 8 rúmum (4+3+1). Auk þess eru í húsinu ein aukadýna, 2 samanbrotin barnarúm og 1 barnastóll. Á neðri hæð er rúmgóð stofa með sjónvarpi og útvarpi, borðstofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og annað bara með klósetti og vaski. Í eldhúsinu er eldavél, ísskápur, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir a.m.k. 12 manns. Sængur og koddar eru fyrir 12 en gestir þurfa að taka með sér allt lín. Borðtuskur og viskastykki þurfa gestir einnig að taka með sér. Gasgrill er á staðnum og ein róla fyrir utan húsið. Umsjónarmaður á að sjá til þess að nóg gas sé fyrir hendi en gott er að láta hann vita ef kútur klárast. Fullur varakútur á alltaf að vera til staðar.

Vikuleiga í sumar er kr. 24.000,-

ATH: Óvíst er hvort heitapotturinn verði aðgengilegur í sumar í Skógarkoti.



Fullsæll í Biskupstungum

Margir félagsmenn þekkja húsið við Fullsæl og umhverfi þess vel en fyrst var húsið leigt út í júní 1984. Húsið stendur í landi Syðri-Reykja í Biskupstungum og er ca 45 fermetrar á einu gólfi (án svefnlofts). Svefnpláss er fyrir 6 manns sem skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi; annað með tvíbreiðu rúmi en hitt með koju, baðherbergi með sturtu, stofa með hornsófa og svefnsófa sem hægt er að draga út í tvíbreitt rúm og eldhúskrókur með eldavél og ísskáp. Í húsinu er samanbrotið barnarúm og barnastóll. Sængur og koddar eru fyrir sex manns en gestir þurfa að hafa með sér allt lín. Borðtuskur og viskastykki þurfa gestir einnig að taka með sér. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 10 manns. Í bústaðnum er gasgrill, sjónvarp og útvarp. Umsjónarmaður á að sjá um að fylla á gaskúta en gott er að láta hann vita ef gas klárast. Heimilt er að veiða í ánni Fullsæl sem rennur fyrir neðan húsið án sérstaks leyfis í hvert sinn (sjá nánari upplýsingar í húsinu) og er veiðigjaldið innifalið í húsaleigu. Heitur og skjólgóður pottur er áfastur við húsið og þá eru góðar rólur og sandkassi til staðar fyrir börn.

Vikuleiga í sumar er kr. 18.000,-



Flókalundur á Barðaströnd

Húsið stendur í orlofshúsahverfi rétt utan við Flókalund í Vatnsfirði. Svæðið er rómað fyrir náttúrufegurð (skógur, fjörður, stórt stöðuvatn) og friðlýst sem slíkt.

Svefnpláss er fyrir 6 manns sem skiptist í forstofu, stofu og baðherbergi með sturtu, eldhúskrók með eldavél og ísskáp, 2 herbergi með svefnstæðum fyrir þrjá í hvort herbergið. Almennur búnaður er fyrir 6-8 manns, sængur og koddar fyrir sex. Eldavél er með tveimur hellum og bakarofni. Þarna er einnig örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp. Orlofgestir þurfa að taka með sér allt lín. Kolagrill er á staðnum. Akstur í sundlaug og verslun (Birkimel) tekur 15 mín á malbikuðum vegi. Hægt er að fá ýmsar smávörur í bensínafgreiðslu í Flókalundi en næsta verslun er á Patreksfirði. 61 km.

Vikuleiga er kr. 18.000,-



Blöndalsbúð á Héraði

Félagsmönnum stendur til boða rúmgott nýlegt hús, Blöndalsbúð í Eyjólfsstaðaskógi á Héraði í 3 vikur í sumar. Húsið er ekki langt frá Einarstöðum um 11 km innan við Egilsstaði í átt að Hallormsstað. Svefnpláss er fyrir 3 í rúmi og að auki eru 8 dýnur. Húsið rúmar tvær samrýmdar fjölskyldur en hjónaherbergi er þó aðeins eitt öðrumegin á svefnlofti. Þar er hjónarúm og auk þess má bæta við dýnu á gólfi. Önnur gistaðstaða eru að minnsta kosti 8 dýnur á hinum hluta svefnloftsins. Sængur og koddar fylgja með en gestir verða að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 8 manns. Húsið er kynnt með rafmagni en einnig má nota viðarofn sem fóðraður er með birkibútum sem er að finna í viðarskýli við húsið. Næsta nágrenni, þegar frá er talinn 30 m² útipallur og grasflöt, er að mestu skógur með göngustígum innan um birki og greni. Gönguleiðir um skóginn geta verið margir km ef áhugi er fyrir slíku. Í húsinu er ekki sjónvarp en þar er útvarp með geislaspilara. Kolagrill er á staðnum.



Vikuleiga er kr . 28.000,-

1. maí lækka félagsgjöld til FJN



Samkvæmt ákvörðun aðalfundar munu félagsgjöld félagsmanna lækka eins og fram kemur í fundargerð aðalfundar. Félagið mun senda atvinnurekendum bréf þess efnis, en minnir á að félagsmenn þurfa að fylgjast með því að það komi til framkvæmda.

Vinsamlegast yfirfarið launaseðil ykkar vegna maí launa og tryggið að rétt hafi verið dregið af laununum ykkar félagsgjald til félagsins.



Siðanefnd og siðareglur

Nú eru liðin um 20 ár síðan stjórn FÍN ákvað að kjósa siðanefnd. Upp voru að koma stöku mál sem stjórnin taldi æskilegt að vísa til sérstakrar nefndar innan félagsins. Frá upphafi hefur nefndin verið 5-manna, með tvo til vara, sem kemur sér vel því að fyrir hefur komið að nefndarmaður hafi þurft að víkja sæti tímabundið þegar hann hefur talið sig of tengdan öðrum eða báðum málsaðilum.

Siðanefndin hefur fjallað um öll mál sem til hennar hafa borist á þessum árum, felldir hafa verið úrskurðir í nokkrum þeirra en í fáeinum tilvikum hefur það verið mat nefndarinnar að ekki væri tilefni til þess. Það hefur þá verið tilkynnt hlutaðeigandi félagsmanni. Öll hafa þessi mál verið viðkvæm og sum vandasöm í meðferð, áhersla hefur verið lögð á góða upplýsingasöfnun frá málsaðilum og þeir hafa gjarnan komið í viðtöl hjá nefndinni. Mest hefur borið á höfundarréttarmálum og málum sem varða fagleg samskipti á vinnustað. Allt eru þetta trúnaðarmál og hefur siðanefndin ætíð átt gott samstarf við stjórn og framkvæmdastjóra við úrvinnslu málanna.

Skömmu eftir að Siðanefnd FÍN var komið á fót voru samdar starfsreglur fyrir nefndina og voru þær samþykktar á aðalfundi félagsins síðla árs 1993.

Þar var m.a. kveðið á um skipan nefndarinnar og starfshætti og tilgreint að siðanefnd beri að fjalla um öll mál af heiðarleika, óhlutdrægni og fullum drengskap. Þá beri nefndarmönnum að gæta fyllsta trúnaðar varðandi störfin. Þetta hefur nefndin ætíð haft að leiðarljósi og reynt að gera sitt besta til að beita faglegum vinnubrögðum.

Á fyrstu starfsárum nefndarinnar kynnti hún sér siðareglur nokkurra starfsstétta því að mikið var rætt um setningu siðareglna fyrir félagið. Í framhaldi þeirrar umræðu lásu siðanefndarmenn bókina " Siðareglur" eftir Sigurð Kristinsson sem Rannsóknarstofnun í siðfræði , Háskóla Íslands, gaf út árið 1991. Þá sótti nefndin námskeið þar sem þeir Róbert Haraldsson, heimsspekingur í Háskóla Íslands, og Lúðvík Geirsson, þá formaður Bláðamannafélags Íslands, sáu um. Hvort tveggja reyndist okkur gott vegarnesti en þó fór svo eftir miklar bollaleggingar að frá því var horfið að setja FÍN siðareglur, aðallega vegna þess að störf félaga í FÍN væru mjög fjölbreytileg og spönnuðu mörg starfssvið í samanburði við aðrar starfsstéttir. Þannig yrðu reglurnar að vera mjög rúmar en þó nægilega markvissar og skýrar. Var þá m.a. horft til siðareglna blaðamanna, lækna og dýralækna.

Árin liðu og nú í seinni tíð hafa aftur vaknað umræður um setningu siðareglna fyrir FÍN. Niðurstaðan er sú að nú sé orðið tímabært að stefna að setningu siðareglna fyrir náttúrufræðinga og hefur félagið leitað aðstoðar Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands við þá vinnu. Nýlega sat fulltrúi frá stofnuninni fund með siðanefnd ásamt formanni og framkvæmdastjóra FÍN þar sem frumdrög voru kynnt og rædd. Hafa tveir siðfræðingar frá Siðfræði-



stofnun, karl og kona, heitið okkur liðsinni við reglusmíðina og mun bráðlega verða fundað með þeim báðum.

Áfram verður haldið með það í huga að unnt verði að kynna félagsmönnum drög að siðareglum og lýsa eftir athugasemdum og ábendingum í nóvemberhefti fréttabréfsins. Í framhaldi af því er áformað að kynna tillögu að endanlegum texta fyrir aðalfund FÍN, sennilega í febrúar 2011, og leggja þær fram þar til samþykktar.

Ólafur R. Dýrmondsson, formaður Siðanefndar FÍN

Atvinnuleysisir félagsmenn

Félagið hefur frá aðalfundi FÍN unnið að því að bæta réttarstöðu atvinnulausra félagsmanna í sjóðum BHM. Það er skemmst frá því að segja að í febrúarmánuði lagði formaður FÍN fram tillögu á fulltrúaráðsfundi Styrktarsjóðs BHM og Sjúkrasjóði BHM um að stéttarfélag hafi heimild til að lengja réttindi atvinnulausra sjóðfélaga með því að skuldbinda sig til að greiða iðgjald til sjóðanna af atvinnuleysisbótum sjóðfélaga. FÍN mun því frá og með næstu mánaðarmótum standa skil á iðgjöldum félagsmanna sinna í viðkomandi sjóði af félagsgjöldum félagsmanna sem eru á bótum frá Atvinnuleysis-tryggingarsjóði.

Félagsmenn FÍN geta einnig fengið styrk frá félaginu, allt að 70 þúsund krónum á hverjum 6 mánuðum vegna námskeiða eða annarra úrræða. Félagmenn sem verða atvinnuleysisir eru hvattir til að koma í viðtal á skrifstofu FÍN við fyrsta tækifæri.



Yfirvinna á ferðalögum

Í stofnanasamningi er heimilt að semja um greiðslu fyrir yfirvinnu á ferðalögum. Hjá sumum stofnunum er ekkert slíkt samkomulag og því ber stofnun að fara eftir kjarasamningi aðila um greiðslu á yfirvinnu. Starfsmanni er óheimilt að semja um lakara fyrirkomulag en kjarasamninga kveða á um vegna yfirvinnu á ferðalögum.



Félagið mun senda út bréf á allar stofnanir og benda á þetta atriði og trúnaðarmenn og félagsmenn munu fá afrit af þeim bréfum.





Kjararáðstefna FJN

Þann 29. apríl, kl: 13:00—17:00 verður haldin kjararáðstefna FÍN, en þar verður mótuð stefna fyrir næstu kjarasamninga. Ráðstefnan er opin öllum félagsmönnum. Fundarstaður verður tilkynntur síðar.

Vinsamlegast skráið þátttöku á heimasíðu félagsins eigi síðar en 16. apríl.

Kjaraðkönnun FJN

Allir félagsmenn FÍN eru hvattir til að svara könnuninni en hún hefur verið send félagsmönnum í tölvupósti. Hafir þú ekki fengið könnunina senda þegar þér berst þetta fréttabréf vinsamlegast hafðu samband við skrifstofuna í síma 568-9616 eða um netfangið fin@bhm.is og við sendum þér hana í tölvupósti.



Vinsamlegast svarið könnuninni á heimasíðu félagsins eigi síðar en 16. apríl.

Orlofshús FJN



Eins og kemur fram í fréttabréfinu eru nokkrir orlofskostir hjá félaginu í sumar. Senda þarf inn útfyllta umsókn á skrifstofu FÍN, Borgartúni 6, 105 Reykjavík eða að senda hana í faxi á símanúmerið 568-9619, jafnvel skanna hana inn og senda í tölvupósti á netfangið fin@bhm.is.

Vinsamlegast sendið umsóknir um orlofshús eigi síðar en 13. apríl 2010.

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót skal greiða út 1. júní ár hvert. Samkvæmt kjarasamningi aðila verður orlofsuppbótin að lágmarki:

- **Ríkið:** kr. 23.600,-* en samkvæmt tölvupósti frá Fjármálaráðuneytinu til félagsins þann 4. maí 2009 var ákveðið að orlofsuppbótin árið 2009 yrði kr. 25.200,-.
- **Reykjavíkurborg:** kr. 25.200,-*
- **Launanevnd sveitarfélaga:** kr. 25.200,-*
- **Almenni vinnumarkaður:** Vísað til ákvæða í ráðningasamningi.
* Ósamið er um hækkun orlofsuppbótar fyrir 2010.

Fylgist með á heimasíðu félagsins, en þar verða frekari upplýsingar um orlofsuppbótina þegar nær dregur útborgunartíma.

